



## Yfirsálfræðingur

Laust er til umsóknar starf yfirsálfræðings á Landspítala. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. maí 2013, til 5 ára. Yfirsálfræðingur ber ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra geðsviðs. Yfirsálfræðingur er yfirmaður sálfræðinga á Landspítala.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Áhersla er lögð á þróun sálfræðipjónustunnar á Landspítala

### Hæfniskröfur

- » Doktorspróf í sálfræði
- » Sérfræðileifyfi í klíniskri sálfræði eða sambærileg þjálfun
- » Stjórnunarreynsla
- » Viðtæk klínísk reynsla, þjálfun og reynsla í viðtalsmeðferð
- » Reynsla af kennslu á háskólastigi og sem leiðbeinandi nema í klínisku starfi og rannsóknum
- » Leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni eru skilyrði

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 23. mars 2013.
- » Upplýsingar veita María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi, netfang mariaein@landspitali.is, sími 824 5404 og Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri, netfang pallmatt@landspitali.is, sími 543 4077.
- » Valið verður úr hópi umsækjenda á grundvelli viðtala og framlagðra gagna.
- » Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast fyrir 23. mars 2013 til Maríu Einisdóttur, mannauðsráðgjafa, LSH Stjórn geðsviðs 34A við Hringbraut.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrissvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

### Aðstoðarmaður seðlabankastjóra

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða aðstoðarmann seðlabankastjóra. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Alþjóðasamskipti og skrifstofa bankastjóra annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjóra, hefur umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu og heimasíðu. Skrifstofan ber jafnframt ábyrgð á reglulegum samskiptum við innlendar og erlendar stofnanir og annast samskipti við matsfyrirtæki og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

#### Helstu verkefni:

- Aðstoð við undirbúning á ritun ræða, greina, erinda og annars efnis fyrir seðlabankastjóra.
- Umsjón verkefna til sviða og starfsmanna bankans í umboði bankastjóra.
- Samskipti við aðila sem koma til fundar við bankastjóra.
- Útsending ýmissa erinda og upplýsinga til starfsmanna bankans og ytri aðila.
- Fundarseta, fundarritun, verkefnaskráning.
- Ábyrgð á dagbók bankastjóra í samráði við ritara bankastjóra.

- Skipulagning þátttöku seðlabankastjóra í ráðstefnum og fundum á innlendum og erlendum vettvangi.
- Skjalameðhöndlun og vistun fyrir bankastjóra.
- Sinnir öðrum verkefnum, sem seðlabankastjóri felur starfsmanni.

#### Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á hagfræðilegum hugtökum.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Geta til að rita tölvupósta og bréf á dönsku, norsku eða sænsku er kostur.

Upplýsingar um starfið veitir Jón Þ. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta og skrifstofu bankastjóra, netfang: [jon.sigurgeirsson@sedlabanki.is](mailto:jon.sigurgeirsson@sedlabanki.is)

Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is), í síðasta lagi sunnudaginn 17. mars næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Innkaupafulltrúi - Vélar og rafmagn

Vaxandi tæknifyrirtæki leitar að drifandi og nákvæmum innkaupafulltrúa. Menntun og/eða reynsla á sviði tækni eða innkaupa er æskileg ásamt því að hafa þekkingu á vélum og rafmagn. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði. Leitað er að einstaklingi sem er jákvæður, vinnusamur og þrífst í krefjandi umhverfi. Nánari upplýsingar á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is).

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5  
108 Reykjavík  
Sími 511 1225  
[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

# MARKAÐSSTJÓRI ÓSKAST



Ertu klár, kraftmikil(l), metnaðarfull(ur) og með ástríðu fyrir markaðsmálum?

Viltu starfa með öflugum hópi stjórnenda og markaðssérfræðinga hjá einu stærsta fyrirtæki landsins?

N1 leitar að markaðsstjóra til að stýra framsækinni og metnaðarfullri markaðsdeild félagsins.



#### MARKAÐSSTJÓRI

- Ber ábyrgð á mótun stefnu og markmiða markaðsdeildar
- Ber ábyrgð á markaðs- og kostnaðaráætlunum deildarinnar
- Ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni markaðsáætlunar
- Ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun markaðsdeildar
- Er í miklum samskiptum við auglýsingastofur og fagaðila á sviði markaðsmála
- Heyrir beint undir forstjóra og situr fundi framkvæmdastjórnar

#### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræða
- Framhaldsmenntun á sviði markaðsfræða er kostur
- Starfsreynsla af markaðsmálum
- Hugmyndaauðgi og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði, drifkraftur og skipulagshæfni
- Mjög góð samskiptafærni
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbeinn Finnsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs í síma 440 1170 eða [kolbeinn@n1.is](mailto:kolbeinn@n1.is)

Áhugasamir umsækjendur sendi ferilskrá ásamt nánari upplýsingum á netfangið [atvinna@n1.is](mailto:atvinna@n1.is) fyrir 12. mars n.k.

Capacent Ráðningar

## SVIÐSSTJÓRI



Einkaleyfastofan

Einkaleyfastofan heyrir undir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Stofnunin annast málefni varðandi hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, þ.e. einkaleyfi, vörumerki og hönnun og önnur hliðstæð réttindi, s.s. meðhöndlun umsókna, skráningu réttinda og upplýsingagjöf. Auk þess heyrir starfsemi faggildingar undir stofnunina. Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á [www.els.is](http://www.els.is).

Einkaleyfastofan óskar eftir að ráða sviðsstjóra einkaleyfasviðs. Sviðsstjóri fer með stjórnun og er hluti af stjórnunarteymi stofnunarinnar.

**Starfssvið:**

- Stjórnun sviðsins, þ.m.t. starfsmanna- og gæðamál
- Yfirumsjón með meðhöndlun umsókna og útgáfu einkaleyfa
- Umsjón með rafrænum lausnum á sviðinu
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf til viðskiptavina og hagsmunaaðila varðandi einkaleyfi
- Samstarf við erlendar stofnanir

Um er að ræða tímabundna ráðningu til 18 mánaða í 100% starfshlutfall. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um launakjör og önnur starfskjör fer eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## ERT ÞÚ FRAMSÆKINN?



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Framkvæmdasýsla ríkisins óskar eftir að ráða tæknimenn/verkefnastjóra og sérfræðing til starfa. Leitað er að einstaklingum sem sýna frumkvæði í starfi, eru sjálfstæðir og beita öguðum vinnubrögðum. Hæfni í samskiptum, gott vald á íslensku, góð enskukunnátta og kunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur.

**TÆKNIMENN/VERKEFNASTJÓRAR**

Leitað er að tveimur framsæknum einstaklingum til verkefnastjórnunar og eftirlits í þeim verkum sem Framkvæmdasýslan hefur umsjón með. Um er að ræða tímabundna ráðningu til eins árs með möguleika á ótímabundinni ráðningu í framhaldi af því.

**Starfssvið:**

- Almenn verkefnastjórnun við verklegar framkvæmdir
- Umsjón með frumathugunum og áætlunargerð
- Samskipti við ráðuneyti og sveitarfélög í tengslum við verkefni
- Framkvæmdaefirlit á verkstöðum
- Rýni gagna og gerð umsagna um frumathugun og umáætlunargerð
- Gerð verksamninga og umsjón með þeim
- Þátttaka í innleiðingu og notkun á verkefnavef, upplýsingalíkönum mannvirkja (BIM) og umhverfsvottunarkerfa í byggingariðnaði á Íslandi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á sviði mannvirkjagerðar – Meistarapróf er kostur
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Þekking og reynsla af þeim atriðum sem talin eru upp í starfssviði
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla í ritun fundargerða og framsetningu efnis
- Menntun á jarðtæknisviði og reynsla af jarðvinnuframkvæmdum er kostur (annað starfið)

FSR er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum. Í samræmi við starfsmannastefnu FSR eru konur með tilskildar menntunar- og hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um ofangreind störf.

Framkvæmdasýslan er stofnun sem heyrir undir fjármálaráðuneytið og hefur umsjón og eftirlit með undirbúningi, hönnun og verklegum framkvæmdum á vegum ríkisins um land allt. FSR er leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins. Sjá nánar á [www.fsr.is](http://www.fsr.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um störfina þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannesdottir@capacent.is](mailto:silja.johannesdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent



Capacent Ráðningar

## LEIKSKÓLASTJÓRI



NORÐURÞING

Sveitarfélagið Norðurþing nær frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2012 voru íbúar Norðurþings 2883 talsins. Norðurþing rekur einn leikskóla á Húsavík, Grænuvelli og tvær leikskóladeildir í samreknum skólum í Lundi og á Raufarhöfn. Í leikskólunum eru nemendur á aldrinum átján mánaða til sex ára.

Sveitarfélagið Norðurþing óskar eftir að ráða leikskólastjóra við leikskólann Grænuvelli á Húsavík.

## Starfssvið:

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagi og rekstri
- Fagleg forysta
- Ráðningar og mannauðsstjórnun
- Stuðla að framþróun í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Leikskólinn Grænuvellir var opnaður í september 2007 þegar tveir eldri leikskólar voru sameinaðir, leikskólinn Bestibær og leikskólinn í Bjarnahúsi. Grænuvellir er sjö deilda leikskóli. Áherslur í starfi Grænuvalla hafa verið markviss málörvun og hreyfing. Einkunnarorð leikskólans eru virðing, vinátta, velliðan. Gott samstarf er við Borgarhólsskóla og Tónlistarskóla Húsavíkur.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Hvannavellir 14  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## SPENNANDI STÖRF

Bandalag  
háskólamanna

BHM er samtök 25 stéttarfélaga og félagsmenn eru 10.000. Um 65% félagsmanna eru konur. Hjá BHM og tengdum sjóðum starfa 14 starfsmenn en um 30 starfsmenn eru hjá BHM og aðildarfélögum að starfsstöðinni í Borgartúni 6.

BHM auglýsir laus til umsóknar störf hagfræðings og ráðgjafa fyrir sjóði. Hlutverk BHM er m.a. að þjónusta aðildarfélög innan bandalagsins og gæta hagsmuna þeirra og félagsmanna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

## HAGFRÆÐINGUR - NÝTT STARF

## Verkefni hagfræðingsins verða m.a.:

- Verkefnastjóri kjara- og réttindanefndar BHM
- Fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður
- Vinna úr tölfræðigögnum um laun og kjör félagsmanna BHM
- Sinna fræðslu, ráðgjöf og almennri upplýsingamiðlun um hagfræðileg efni
- Sitja í nefndum og vinnuhópum fyrir hönd BHM
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf vegna réttinda og túlkun kjarasamninga

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- BS próf í hagfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum félagasamtaka og þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu er kostur
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnátta í Norðurlandamáli er mikill kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 17. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



# Sviðsstjóri Prenttæknisviðs

Sviðsstjóri ber ábyrgð á árangri og framþróun sviðsins sem hefur það meginhlutverk að þjóna prentiðnaði varðandi menntunarmál, hvort heldur er á sviði sí- og endurmenntunar eða grunmenntunar.

## Helstu verkefni:

- Skipulagning á fræðslustarfi fyrir prentiðnaðinn.
- Samstarf við lykilfólk í prentiðnaði, innlendir og erlendar menntastofnanir og systurfélög vegna sí- og endurmenntunaráætlana.
- Ráðgjöf til prentiðnaðarins varðandi kennslufræðilegan þátt sí- og endurmenntunar.
- Stefnumótun fyrir sviðið auk rekstrar- og fjárhagsáætlunargerðar.
- Verkefni á vegum starfsgreinaráðs í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum.
- Ritstjórn og umsjón með fréttabréfi.
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra IÐUNNAR.

## Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði upplýsinga- eða fjölmiðlagreina og/eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Umtalsverð þekking og áhugi á prent- og upplýsingaiðnaði.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Skipulögð, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Framúrskarandi samskiptafærni, frumkvæði og árangursdrifni.



IDAN  
fræðslusetur

IDAN fræðslusetur ehf. varð til við samruna fimm fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu árið 2006.

Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bólkagerðarmanna, FIT, VM, Bilgreina-sambandið, Samtök ferðaþjónustunnar og Meistarafélag húsasmiða  
[www.idan.is](http://www.idan.is)

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars nk. Ráðið verður í starfið sem fyrst. Umsjón með starfinu hefur Hildur Erla Björgvinsdóttir ([hildur@radum.is](mailto:hildur@radum.is)) hjá Ráðum atvinnustofu. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum [www.radum.is](http://www.radum.is). Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá og kynningarbréf.

Borgartúni 3 105 Reykjavík [www.radum.is](http://www.radum.is) [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is) Sími 519 6770



## Sérfræðingar hjá Þjóðskrá Íslands

Þjóðskrá Íslands óskar eftir að ráða sérfræðinga á sviði skráningar og mats fasteigna á starfsstöðvar sínar í Reykjavík og á Akureyri.

Helstu verkefni eru yfirferð á skráningu fasteigna, skoðun mannvirkja, útreikningur fasteignamats og brunabótamats, vinnsla í sérhæfðum tölvukerfum og samskipti við fasteignaeigendur og sveitarfélög auk gæða- og þróunarstarfs.

### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði byggingafræði, tæknifræði, verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af matsstörfum eða fasteignasölu er kostur
- Reynsla af útreikningi byggingarkostnaðar er æskileg
- Reynsla af vinnslu stórra tölvukerfa
- Góð kunnáttu í íslensku og ensku er skilyrði og æskilegt er að kunna eitt Norðurlandamál
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum

Leitað er að einstaklingi sem sýnir frumkvæði, nákvæmni og hraða í vinnubrögðum og hefur ríka þjónustulund.

Um er að ræða full störf á starfsstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík annars vegar og Akureyri hins vegar og þurfa umsækjendur að geta hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurbjörg J. Helgadóttir mannauðsstjóri hjá Þjóðskrá Íslands á netfanginu [sjh@skra.is](mailto:sjh@skra.is).**

Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2013. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem fram kemur ástæða umsóknar, rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið og hvort sótt er um starf á Akureyri eða í Reykjavík. Umsóknir óskast sendar á netfangið [sjh@skra.is](mailto:sjh@skra.is).

Athugi er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Hjá Þjóðskrá Íslands starfa yfir 100 starfsmenn. Verkefni stofnunarinnar eru mjög fjölbreytt og heldur stofnunin m.a. fasteignaskrá og þjóðskrá, gefur út fasteignamat og brunabótamat, rekur vefinn [island.is](http://island.is) og sér um útgáfu vegabréfa. Þjóðskrá Íslands leggur metnað sinn í að sinna verkefnum sínum af fagmennsku og áreiðanleika. Stofnunin hefur það að leiðarljósi að starfsmönnum líði vel í starfi og leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn. Gildi stofnunarinnar eru virðing, sköpunargleði og áreiðanleiki.



## Skólastjóri Lundarskóla

Staða skólastjóra við Lundarskóla á Akureyri er laus til umsóknar.

Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á vellíðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans.

Lundarskóli er heildstæður grunnskóli sem hóf starfsemi árið 1974 en í dag eru þar 465 nemendur og tæplega 80 starfsmenn. Lundarskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði SMT- skólafærni en þar er lögð áhersla á jákvæðan stuðning við hegðun nemenda. Áhersla er á samræmd viðbrögð alls starfsfólks til að stuðla að jákvæðu andrúmslofti í skólanum. Lundarskóli er teymisskóli og nýtir teymiskennsluna sem leið til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Teymiskennslan eykur sveigjanleika skólafærni og gefur tækifæri til fjölbreyttari félagatengsla. Lítið er á hvern árgang sem eina heild með fjölbreyttum námshópum í stað hefðbundinna bekkja. Skólasýn Lundarskóla byggir á einkunnarorðunum: Þar sem okkur líður vel.

Aðstaða í skólanum er mjög góð og í ytra mati mennta- menningarmálaráðuneytisins vorið 2012 fékk skólafærni mjög góða umsögn.

Frekari upplýsingar má sjá á heimasíðu skólans <http://www.lundarskoli.akureyri.is/>

**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2013.**

Allar nánari upplýsingar veitir Karl Frímansson, fræðslustjóri, í síma 460 1456 og 862 8754. Vísað er til ítarlegri auglýsingar á [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is).

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2013.



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)





**STARFSFÓLK ÓSKAST Í GESTAMÓTTÖKU**

Keahótel ehf. óskar eftir starfsfólki í gestamóttöku á Hótel Björk í Reykjavík. Um er að ræða framtíðarstarf á dagvakt og einnig sumarafleysingar á dagvakt.

Starfssvið er meðal annars: Bókanir, innritun, upplýsingagjöf, reikningagerð og almenn afgreiðsla.

Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi frá 07:30 til 19:30.

Hæfniskröfur:  
Rík þjónustulund  
Góð samskiptahæfni  
Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli  
Góð almenn tölvukunnátta  
Þekking á Navision bóknarkerfi  
Æskileg  
Sjálfstæði og metnaður til að skila góðu starfi

Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð og vera reyklaus.

Umsóknarfrestur er til 9. mars.

Umsækjendur sendi starfsferilsskrá á netfangið: [bjorkres@keahotels.is](mailto:bjorkres@keahotels.is)

[www.keahotels.is](http://www.keahotels.is)

## Leiðbeinandi óskast í Vin, athvarf fyrir fólk með geðraskanir, Hverfisgötu 47, Reykjavík

Markmiðið með starfsemi Vinjar er að rjúfa félagslega einangrun, auka virkni og lífsgæði gesta.

Starfið er krefjandi en um leið gefandi. Um er að ræða fullt stöðugildi. Vinnutími frá 9 – 16.

Ekki er krafist ákveðinnar menntunar en áhugi á heilsu, heilsuefningu og matreiðslu er æskilegur.

### Eiginleikar sem starfsmaður þarf að hafa:

- Samskiptahæfni og reynsla af því að vinna með fólk
- Áreiðanleiki, áhugi og jákvæðni
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með **12. mars n.k.**

Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á netfang Þórdísar Rúnarsdóttur, [thordis.runarsdottir@redcross.is](mailto:thordis.runarsdottir@redcross.is). Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 862 4889.



## GARÐABÆR AUGLÝSIR EFTIR STARFSMÖNNUM Á NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI Á SJÁLANDI

Stefnt er að því að taka í notkun nýtt hjúkrunarheimili í Sjálandi í Garðabæ þann 6. apríl n.k.

Um er að ræða hjúkrunarheimili fyrir 60 heimilismenn, með sex 10 manna einingum. Sérhver heimilismaður hefur til umráða mjög rúmgott herbergi/stofu með tveimur gluggum, lítilli eldhúsinnréttingu með innbyggðum vaski og kæliskáp og sér baðherbergi. Rúmgóðar svalir liggja út frá sameiginlegum dagstofum á einingum, ennfremur er sameiginlegur stór og skjólgóður garður á jarðhæð.

Við alla hjúkrun og umönnun heimilismanna verður stuðst við þau gildi sem heimilið hefur sett sér og byggja á sjálfstæði, virkni og velferð allra heimilismanna. Um er að ræða störf til frambúðar og vegna sumarafleysinga. Starfshlutfall samkomulag, einnig koma til greina næturvaktir.

Áætlað er að taka í notkun Sögu-sjúkra og hjúkrunarskráningarkerfið, ennfremur verður heimilið mjög vel búið öllum þeim hjálpartækjum sem þörf er á við umönnun.



### HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

óskast til starfa á nýtt hjúkrunarheimili í Sjálandi í Garðabæ

#### Helstu verkefni:

- Almenn hjúkrun og umönnun aldraðra
- Gerð hjúkrunaráætlunar, greiningar og meðferð
- Þátttaka í Rai-mati

#### Menntun, reynsla og hæfni:

- Löggilt starfsleyfi
- Reynsla af hjúkrun aldraðra æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Lipurð í samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Launakjör samkvæmt kjarasamningi FÍH og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Vinsamlegast sakið um með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á Minn Garðabær. Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2013.

#### Nánari upplýsingar veita:

Borghildur Ragnarsdóttir hjúkrunarforstjóri, sími: 535 2222, gsm:896 8970, [borghildur@holtsbud.is](mailto:borghildur@holtsbud.is)  
Kristín Blöndal hjúkrunardeildarstjóri, sími :535 2204, gsm:823 0120, [kristin@holtsbud.is](mailto:kristin@holtsbud.is)

### SJÚKRALIÐAR

óskast til starfa á nýtt hjúkrunarheimili í Sjálandi í Garðabæ

#### Helstu verkefni:

- Almenn hjúkrun og umönnun aldraðra
- Þátttaka í Rai-mati

#### Menntun, reynsla og hæfni:

- Löggilt starfsleyfi
- Reynsla af hjúkrun og umönnun aldraðra æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Lipurð í samskiptum

Launakjör samkvæmt kjarasamningi SLF og Sambands íslenskra sveitarfélaga



Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum framleiðir þang- og þaramjöl í háum gæðaflokki. Fyrirtækið er að stærstum hluta í eigu FMC BioPolymer (71%) og Byggðastofnunar (28%). Ársverk hjá fyrirtækinu s.l. ár voru 14 auk starfa verktaka við þangslátt. Áætluð ársvelta er 375 milljónir kr. Afurðirnar eru að langmestu leyti fluttar út og m.a. nýttar til framleiðslu algínats, fódurbætis, áburðar og snyrtivara. Rekstur Þörungaverksmiðjunnar hf. hefur gengið vel s.l. ár og er fyrirhugað að efla hann enn frekar á komandi árum. Á Reykhólum er mikil náttúrufergurð. Þar er m.a. grunnskóli, leikskóli, heilsugæsla, dvalarheimili, verslun, sundlaug og bókasafn auk annarrar þjónustu.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu verksmiðjunnar [www.thorverk.is](http://www.thorverk.is)

## Framleiðslustjóri

Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum óskar eftir að ráða framleiðslustjóra til starfa. Framleiðslustjóri hefur yfirumsjón með framleiðslu verksmiðjunnar og eftirfylgd reglna um öryggi og umgengni.

### Helstu verkefni og áherslur

- Heilsa, velferð og öryggi starfsmanna er forgangsmál og framleiðslustjóri gegnir lykilhlutverki við framkvæmd þeirrar stefnu.
- Stöðugar umbætur í gæðum vörunnar og þjónustu.
- Framfylgd áætlana um framleiðni og kostnað.
- Samskipti við viðskiptavinum og hagsmunaaðila.
- Aðkoma að rekstri og þróun stjórnkerfa, þ.m.t. ISO.
- Annast árangursstjórnun og mælingar á árangri.
- Áætlanagerð, þ.m.t. fjárhagsáætlanir sem stuðla að góðri nýtingu fjármuna, hráefna og starfskrafta.
- Umsjón með birgða- og eignastöðu.

Í boði er áhugavert og krefjandi starf í fallegu umhverfi Reykhóla, með góðum kjörum og húsnæði. Á heimasíðu Intellecta, [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is), er að finna nánari upplýsingar um starfið á ensku.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun, helst á háskólastigi, sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegu starfi.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Áhugi og viðtæk þekking á gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnun á vinnustað.
- Gott vald á ritaðri og talaðri ensku og íslensku.
- Viðkomandi þarf að vera framsækinn, árangursmiðaður og sjálfstæður, sýna frumkvæði og hafa áráði til að takast á við krefjandi stjórnunarstarf hjá traustu og vel reknu fyrirtæki.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) og Þórður S. Óskarsson ([thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is)) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars n.k. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is). Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf. Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



# BYGGINGAVERKFRÆÐINGUR

## Siglingastofnun Íslands óskar eftir að ráða byggingaverkfræðing á hafnasvið

### Helstu verkefni:

- Hönnun og eftirlit með hafnagerð

### Menntun og hæfni:

- Meistaragráða í byggingaverkfræði
- Starfsreynsla æskileg
- Sjálfstæð, nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum

Umsókn merkt „Hafnagerð“ ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til Siglingastofnunar Íslands, Vesturvör 2, 200 Kópavogi eða á netfangið [thorhildure@sigling.is](mailto:thorhildure@sigling.is) í síðasta lagi 16. mars 2013.

Jafnt konur sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs, í síma 560 0000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



SIGLINGASTOFNUN

Siglingastofnun Íslands er framsækin þjónustustofnun sem skapar hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strandsvæðum.  
[www.sigling.is](http://www.sigling.is)

## Framkvæmdastjóri

Starf framkvæmdastjóra HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis á Akranesi er laust til umsóknar frá 1. maí n.k. Starfið er veitt til 5 ára.


Höfði er í eigu Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar, en með sjálfstæðan rekstur. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi þekkingu á stjórnsýsluviði, reynslu í rekstri, góða bókhaldsþekkingu og hæfni í mannlegum samskiptum. Framkvæmdastjóri skal vera búsettur á starfssvæði heimilisins.

Umsóknir um starfið, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, berist til stjórnar Höfða fyrir 20. mars n.k. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Guðmundsson framkvæmdastjóri á skrifstofu Höfða eða í símunum 433 4300 og 856 4302, netfang: [guðjon@dvalarheimili.is](mailto:guðjon@dvalarheimili.is)

Á Höfða eru 78 íbúar, þar af 48 í hjúkrunarrými og 30 í dvalarrými. Á heimilinu er auk þess rekin félags- og þjónustumiðstöð; m.a. eru 20 rými fyrir dagdeild aldraðra, veitt er heimsending á mat til eldri borgara og öryrkja og rekin ferðaþjónusta fyrir fatlaða. Starfsmenn eru 85 í 65 stöðugildum. Nánari upplýsingar um heimilið og umsóknareyðublöð á heimasíðu Höfða: [dvalarheimili.is](http://dvalarheimili.is)

Stjórn HÖFÐA

HÖFÐI hjúkrunar- og dvalarheimili



## MATREIÐSLUMAÐUR FRAMREIÐSLUMAÐUR OG NEMAR



Óskum eftir matreiðslumanni, faglærðum þjóni og þjónanemum. Um er að ræða 100% starf og unnið er á vöktum.

Almennar hæfniskröfur

- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi tali íslensku og ensku
- Snýrtilægur og stundvís.

Umsóknir skulu sendast á [starf@grand.is](mailto:starf@grand.is)

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 3B / 105 Reykjavík / [grand.is](http://grand.is)



## KOMDU TIL LIÐS VIÐ OKKUR

### SÉRFRÆÐINGUR Í VIÐHALDSKERFUM

Tækniþjónusta Icelandair (ITS) á Keflavíkurflugvelli óskar eftir sérfræðingi í viðhaldskerfum (Maintenance Programmer) í verkfræðideild.

#### STARFSSVIÐ

- Uppfærsla viðhaldskrafna og framsetning viðhaldsfyrirmæla í tölvukerfi félagsins.
- Skýrslugerð.
- Samskipti við Flugmálastjórn.
- Umsjón með „line manual“.

#### HÆFNISKRÖFUR

- Próf í verkfræði, tæknifræði eða flugvirkjun.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu í viðhaldskerfum flugvéla.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Mjög góð tölvukunnátta – sérstaklega í Excel.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Um er ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi og vilja vinna sem hluti af liðsheild í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

#### Fyrirspurnum svara:

Unnar M. Sumarliðason | [unnar@its.is](mailto:unnar@its.is)

Steinunn Una Sigurðardóttir | [unasig@icelandair.is](mailto:unasig@icelandair.is)

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 10. mars 2013.

ICELANDAIR



## Íslensk ættleiðing auglýsir laus tvö störf leiðbeinenda á undirbúningsnámskeiðum fyrir umsækjendur um ættleiðingu



Námskeiðin eru hönnuð af danska sálfræðingnum Lene Kamm og eru notuð víða á Norðurlöndum. Námskeiðin eru haldin í samræmi við íslenska reglugerð um ættleiðingar og samkvæmt samningi Íslenskrar ættleiðingar við Innanríkisráðuneytið, enda er krafa í alþjóðasamningum um ættleiðingar að væntanlegir kjörforeldrar fái góðan undirbúning og fræðslu um hvað er sérstakt við að ala upp ættleitt barn. Almenn er talið að gæði ættleiðinga grundvallast m.a. á góðum undirbúningi væntanlegra kjörforeldra.

Leiðbeinendur þurfa að vera með háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, félags-, eða menntavísinda og hafa reynslu af mati eða meðferðarvinnu.

Tveir leiðbeinendur sjá um hvert námskeið og er það haldið á litlu sveitahótelu að jafnaði í febrúar og september. Hvert námskeið er haldið frá föstudegi kl. 16:00 til kl. 16:00 á laugardegi tvær helgar með um það bil fimm vikna millibili.

Kostur er að umsækjandi hafi reynslu af að skipuleggja námskeið og leiða hópstarf. Kostur er að umsækjandi hafi reynslu af ættleiðingum. Ætlunin er að ráða tvo leiðbeinendur að þessu sinni, karl og konu.

Námskeiðin eru haldin að lágmarki tvisvar sinnum á ári og leiðbeinendur vinna sem verktakar að jafnaði einu sinni til tvisvar á ári.

Umsóknarfrestur er til 11. mars. Umsóknir skal senda til [isadopt@isadopt.is](mailto:isadopt@isadopt.is) Kristinn Ingvarsson framkvæmdastjóri veitir nánari upplýsingar í síma 588 1480.





## FISKISTOFA

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði  
S: 569 7900 F: 569 7990  
fiskistofa@fiskistofa.is  
www.fiskistofa.is

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis, hvalveiða o.fl. ásamt því að safna upplýsingum um framan- greinda málaflokka. Nánari upplýsingar má finna á [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is).

# Veidieftirlitsmenn óskast á starfsstöðvar Fiskistofu á Akureyri, á Höfn og í Stykkishólmi

**Fiskistofa óskar að ráða veidieftirlitsmenn í starfsstöðvar sínar á Akureyri, á Höfn og í Stykkishólmi. Um eina stöðu er að ræða á hverri starfsstöð.**

Starf veidieftirlitsmanns felst í eftirliti til sjós og lands. Eftirlit á sjó felst m.a. í lengdarmælingum á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirliti með aflsamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veidieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð. Eftirlitsstörf í landi fela m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflsamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu og skilum afladagbóka. Starfið felur einnig í sér skrifstofustörf s.s. skýrsluvinnu þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

**Leitað er að** kraftmiklum einstaklingum sem hafa haldgóða reynslu af störfum í sjávarútvegi. Góð íslensku- og tölvukunnátta er áskilin. Störfin krefjast þess að umsækjendur séu sjálfstæðir, faglegir og nákvæmir í vinnubrögðum, séu ákveðnir en sanngjarnir og háttvísir og búi yfir færni í mannlegum samskiptum. Skipstjórnarréttindi eru æskileg.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglu nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin veita Sævar Guðmundsson, deildarstjóri veidieftirlits í síma 4782010 og Þórhallur Ottesen deildarstjóri veidieftirlits í síma 5697932.

Umsóknir er hafa að geyma haldgóðar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið [ingath@fiskistofa.is](mailto:ingath@fiskistofa.is) eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar „Veidieftirlitsmaður Akureyri“, „Veidieftirlitsmaður Höfn“ eða „Veidieftirlitsmaður Stykkishólmi“.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2013.**

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur hvattar til að sækja um jafnt sem karlar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

13-0030 - HVITA HÖSÍÐ / SÍA

## D BÝR Í ÞÉR ELDMÓÐUR?

Valitor óskar eftir að ráða **viðskiptastjóra** á Fyrirtækjasviði

### Starfssvið

- // Sala á greiðslulausnum Valitor
- // Umsjón með stærri viðskiptavinum
- // Samskipti og samningagerð
- // Endurgjöf til sölustjóra og þátttaka í skipulagningu á sölu- og markaðsmálum innan sviðsins

### Menntun og hæfniskröfur

- // Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- // Farsæl reynsla af sölu er skilyrði
- // Hæfni í mannlegum samskiptum
- // Frumkvæði og drifkraftur
- // Skipulögð og öguð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með **10. mars** nk. Upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir [kristin@hagvangur.is](mailto:kristin@hagvangur.is) eða í síma **520 4700**



Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum sína. Gildin okkar, forysta, frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

**VALITOR**



## Vilt þú spennandi og líflegt starf í ferðaþjónustu?

### Bílaleigur AVIS og Budget leita að viðskiptafræðingi í bókhald fyrirtækisins á starfsstöð þess í Keflavík

#### Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

##### Helstu verkefni:

- Afstemmingar
- Skýrslugerð
- Úrvinnsla söluuppgjöra
- Almenn bókhaldsvinna
- Verkefnastjórnun

##### Almennar hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðimentun eða mjög góð reynsla af bókhaldsstörfum er skilyrði
- Reynsla og þekking á Navision er skilyrði
- Góð tölvuþekking
- Skipulagshæfileikar
- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- Snyrtimennska

Umsóknir sendist á [atvinna@alp.is](mailto:atvinna@alp.is) merktar „Bókhald“ fyrir 10. mars!



Bílaleigur AVIS og Budget er ein stærsta bílaleiga í heimi og starfar í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.

## Sveitarfélagið Ölfus



Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

## Starfsmenn óskast í þjónustumiðstöð Sveitarfélagsins Ölfuss í Þorlákshöfn

Laus eru til umsóknar tvö störf í þjónustumiðstöð Sveitarfélagsins Ölfuss. Annars vegar verkstjóri þjónustumiðstöðvar í 100% starf og hins vegar umsjónarmaður grænna og opinna svæða í 100%, tímabundið starf. Þjónustumiðstöð heyrir undir skipulags- og byggingarsvið og sér um þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við fjölbreytt störf og geta unnið sjálfstætt. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störf. Æskilegt er að starfsmenn þjónustumiðstöðvar búi í sveitarfélaginu.

### Verkstjóri þjónustumiðstöðvar

#### Verksvið:

- Verkstjórn þjónustumiðstöðvar
- Umsjón og eftirlit með framkvæmdum
- Gerð fjárhagsáætlana í samvinnu við byggingafulltrúa
- Viðhald gatnakerfis og gangstíga
- Almenn eignaumsjón
- Skjalavistun og skönnun teikninga
- Umsjón og eftirlit með gámasvæði
- Vetrarþjónusta
- Umsjón og eftirlit með fráveitu og vatnsveitu
- Vinna við magntöku og áætlanagerð

#### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í húsasmíði eða byggingatækni,
- Reynsla af stjórnun nauðsynleg.
- Framhaldsmenntun á byggingarsviði kostur en ekki skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Meirapróf bifreiðaréttinda og vinnuvélaréttindi
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarfélagsins
- Lipurð í mannlegum samskiptum

### Umsjónarmaður grænna og opinna svæða

Um er að ræða 100% tímabundið starf frá 1. apríl til 5. október 2013.

#### Verksvið og ábyrgð.

- Umsjónarmaður grænna og opinna svæða í sveitarfélaginu
- Yfirmaður vinnuskóla
- Umsjón með trjáklippingum, gróðursetningu og slætti.
- Viðhald gangstíga.
- Umsjón garðlanda
- Annað sem til fellur í þjónustumiðstöð

#### Hæfniskröfur

- Garðyrkjufræðingur eða starfsreynsla af sambærilegum verkefnum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Bílpróf
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarins
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi fagfélags eða FOSS.

Æskilegt er að verkstjóri geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Jónsson byggingafulltrúi í síma 480-3800 eða á [sigurdur@olfus.is](mailto:sigurdur@olfus.is)

Umsóknarfrestur er til 11. mars n.k. og skal umsóknum skilað á bæjarskrifstofu Ölfuss Hafnarbergi 1 Þorlákshöfn.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

## Hugbúnaðarsérfræðingur

#### Hæfniskröfur

- +4 ára reynsla í smíði gagnagrunnstengdra vefkerfa í Microsoft umhverfinu.
- Háskólamenntun
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Við leitum að einstaklingi með mjög góða þekkingu á T/SQL, MVC, C#, HTML5, CSS3, ASP.NET, jQuery

Ekki væri verra ef hann hefði þekkingu/reynslu af Mobile og Reactive Webdesign

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á [olafur@midi.is](mailto:olafur@midi.is)  
Umsóknarfrestur er til 2. apríl 2013

**mid.is**



## Sérfræðingur

Hafrannsóknastofnunin óskar eftir að ráða sérfræðing til að annast rannsóknir og ráðgjöf varðandi hrognkelsi. Um er að ræða fullt starf frá 1. maí 2013 með starfsstöð við Sjávarlíf-tækniatrið BioPol á Skagaströnd. Umsækjendur skulu hafa lokið meistara eða doktorsprófi á sviði líffræði eða skyldra greina.


Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Þorsteinn Sigurðsson ([steini@hafro.is](mailto:steini@hafro.is)) og Vignir Thoroddsen ([vignir@hafro.is](mailto:vignir@hafro.is)).

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, aldur og fyrri störf ásamt nöfnum tveggja meðmælanda sendist Hafrannsóknastofnun fyrir 25 mars. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið.

Hafrannsóknastofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsóknna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 150 starfsmenn í þjónustu sinni.

Hafrannsóknastofnunin  
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík  
s: 575 2000



## Býrð þú yfir ríkri þjónustulund?

Hótel Klettur er glæsilegt hótel aðeins steinsnar frá miðbæ Reykjavíkur. Okkur vantar gott og þjónustulundað starfsfólk í hópinn.

### Starfsmaður í móttöku

Unnið er í vaktavinnu og er vinnutími frá kl. 07.30-19.30. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

#### Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund
- Hæfni í samskiptum
- Stundvísi
- Samviskusemi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Önnur tungumál kostur
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur til 7. mars 2013.

Umsóknir sendist á [booking@hotelklettur.is](mailto:booking@hotelklettur.is)



Mjöllnisholt 12-14, 101 Reykjavík / Sími 440 1600  
E-mail: [info@hotelklettur.is](mailto:info@hotelklettur.is) / [www.hotelklettur.is](http://www.hotelklettur.is)



## Húsvörður

Húsfélagið Efstaleiti 10–14 óskar eftir að ráða húsvörð til starfa. Starfinu fylgir 120m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð og er búseta þar skilyrði. Starfið gæti hentað vel samhentum hjónum.

### Leitað er að einstaklingi sem er:

- Handlaginn
- Lipur í samskiptum
- Reglusamur
- Samviskusamur
- Þjónustulundaður
- Reyklaus

### Helstu verkefni:

- Þrif, umsjón og eftirlit með húseigninni
- Eftirlit og umsjón með sundlaug
- Umhirða lóðar
- Minniháttar viðhald
- Aðstoð við íbúa hússins
- Önnur tilfallandi störf

Íbúar hússins eru 60 ára og eldri. Húsvörður heyrir undir hússtjórn.

### Upplýsingar veitir:

Vaka Ágústsdóttir  
vaka@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 17. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## Hafnsögumaður

Hafnarfjarðarhöfn óskar að ráða hafnsögumann frá og með 1. maí eða fyrr ef um semst. Starfið felst í leiðsögu skipa á hafnarsvæði Hafnarfjarðarhafnar, skipstjórn hafnarbáta ásamt öðrum almennum störfum við hafnarfjarðarhöfn svo sem móttöku skipa, vigtun, siglingavernd og öðrum tilfallandi störfum.

Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Hafa skipstjórnarréttindi – CB (2. Stigs skipstjórnarnám)
- Hafa reynslu af stjórnun farmskipa
- Hafa sótt slysavarnarskóla sjómanna
- Hafi góða kunnáttu í íslensku og ensku
- Hafi góða tölvukunnáttu

Hafnarfjarðarhöfn er með starfsemi í Hafnarfirði og Straumsvík. Unnið er á hefðbundnum dagvinnutíma ásamt því að vera á bakvöktum og þá að svara viðskiptavinum hafnarinnar í síma á nóttu sem og á helgidögum.

Umsóknir skal senda Hafnarfjarðarhöfn Óseyrarbraut 4, 220 Hafnarfirði, eða með tölvupósti á netfangið [hofni@hafnarfjordur.is](mailto:hofni@hafnarfjordur.is) merkt **HAFNSÖGUMAÐUR fyrir 16. mars næstkomandi**. Þar sem í gildi eru ákvæði laga um siglingavernd skal sakavottorð fylgja umsókn.

Nánari upplýsingar gefur yfirhafnsögumaður í síma 414 2300



Hafnarfjarðarhöfn  
Óseyrarbraut 4  
220 Hafnarfirði  
sími: 414 2300  
[hofni@hafnarfjordur.is](mailto:hofni@hafnarfjordur.is)  
[www.hafnarfjarðarhofni.is](http://www.hafnarfjarðarhofni.is)

## STARFSFÓLK ÓSKAST Í GESTAMÓTTÖKU



Keahótel ehf. óskar eftir starfsfólki í gestamóttöku Hótel Borgar í Reykjavík. Um framtíðarstarf er að ræða á dagvakt og í sumararfleisingar á dag- og næturvaktir.

Starfssvið er m.a.:  
Bókanir, innritun, upplýsingagjöf, reikningagerð, afgreiðsla o.fl.


Unnið er eftir vaktafyrirkomlagi.  
Dagvakt frá kl. 07:30 til 19:30.  
Næturvakt frá kl. 19:30 til 07:30, viku í senn.

Óskum eftir fólki sem hefur:  
Ríka þjónustulund  
Góða samskiptahæfni  
Mjög góða íslensku- og enskukunnáttu í töluðu og rituðu máli  
Góða almenna tölvukunnáttu  
Þekkingu á Navision bókunarkerfi (æskilegt)  
Sjálftæði og metnað til að skila góðu starfi

Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð, vera reyklaus, 30 ára eða eldri og geta hafið störf strax.

Umsóknarfrestur er til 9. mars.

Umsækjendur sendi starfsferilsskrá á netfangið [olafur@hotelborg.is](mailto:olafur@hotelborg.is)



[hotelborg@hotelborg.is](mailto:hotelborg@hotelborg.is)

[www.hotelborg.is](http://www.hotelborg.is)



## Securitas óskar eftir starfskrafti í mótuneyti

Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði, með um 450 starfsmenn. Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu. Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.



Securitas leitar eftir jákvæðum og kraftmiklum starfskrafti í mótuneytið okkar. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á mat og matargerð og verða tilbúinn að viðhalda frábærum starfsanda.

### Helstu verkefni:

- Móttaka á mat frá birgja og framreiðsla hans.
- Pantanir og umsjón með veitingum á fundum og í kaffiáðstöðu starfsfólks
- Uppvask, þrif og frágangur eftir hádegismat

### Hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af sambærilegu starfi væri kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Dögg Höskuldsdóttir [kristind@securitas.is](mailto:kristind@securitas.is), fulltrúi á starfsmannasviði. Umsækjendur fylli út umsókn á heimasíðu fyrirtækisins, [www.securitas.is](http://www.securitas.is)



Securitas fer fram á að allir starfsmenn leggi fram hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til 11. mars 2013.

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | 580 7000 | [securitas.is](http://securitas.is)



Securitas er  
fyrirmyndarfyrirtæki  
VR 2012

ISLENSKA SÍALIS SEC 02/09 02/2013

### Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkefnum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

# www.vinna.is

# Lektor í stærðfræði

Laust er til umsóknar starf lektors í stærðfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands. Starfið er á sviði stærðfræðigreiningar.

Stærðfræðingahópurinn á Verkfræði- og náttúruvísindasviði tilheyrir Raunvísindadeild. Verkefni hópsins felast í rannsóknum á ýmsum sviðum hreinnar og hagnýttar stærðfræði, kennslu og leiðbeiningu framhaldsnema í ýmsum greinum stærðfræði, kennslu BS-nema í stærðfræði og kennslu nemenda í öðrum greinum, einkum verkfræði.

Framtíðarmarkmið hópsins eru að styrkja rannsóknastarfið enn frekar með því að skapa frjóan og virkan rannsóknaveitvang innanhúss, efla erlent samstarf og fjölga framhaldsnemum.

## Hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í stærðfræði en auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rögvaldur Möller prófessor í síma 525 4804 eða netfangið [roggi@hi.is](mailto:roggi@hi.is).

Sjá nánar [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) og [www.hi.is/laus\\_storf](http://www.hi.is/laus_storf)



HÁSKÓLI ÍSLANDS



## Störf í Apóteki

Lyfjaval óskar eftir að ráða lyfjatækni eða afgangslufólk með reynslu af apóteksstörfum í Lyfjaval Álftamýri. Vinnutími 9-18 virka daga.

Umsóknarfrestur er til 10.mars.

Umsóknir má senda á póstfangið [gudni@lyfjaval.is](mailto:gudni@lyfjaval.is) Einnig er hægt að fylla út umsókn á [lyfjaval.is](http://lyfjaval.is) Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## ISLANDIA HOTEL

NUPAR

Islandia hotel Núpar er 60 herbergja sumarhótel 25 km. austan Kirkjubæjarklausturs. Við auglýsum eftir starfsfólki fyrir sumarið 2013

## Starfsmaður í gestamóttöku

Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu og reynsla af hótélbókunarkerfi er kostur.

Einnig þarf viðkomandi að hafa góða tungumála-kunnáttu, hafa ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

## Annað starfsfólk

Okkur vantar starfsmenn til aðstoðar í eldhúsi, til starfa í veitingasal og við ræstingu. Hótelíð er opið frá 15. maí – 15. september. Gisting er á staðnum.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfang: [jona@islandiahotel.is](mailto:jona@islandiahotel.is) fyrir 10. mars n.k.

# ATVINNA

- FÉLAGSRÁÐGJAFI

Staða félagsráðgjafa hjá Fjölskyldu- og félagssviði Reykjanesbæjar

Fjölskyldu- og félagssvið Reykjanesbæjar (FFR) auglýsir eftir starfsmanni í 100% stöðu á skrifstofu FFR. Starfið felst í vinnu við fjárhagsaðstoð og ráðgjöf á stöðdeild sviðsins og krefst góðrar nærveru og hæfni í samskiptum við fólk

### Menntun og reynsla:

Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið félagsráðgjafanámi til starfsréttinda og sé með reynslu af störfum við félagsþjónustu sveitarfélaga

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru skv. samningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi fagfélags

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef Reykjanesbæjar <http://reykjanesbaer.is>

Umsóknarfrestur er til 21. mars 2013.

Nánari upplýsingar veitir Hera Ósk Einarsdóttir, forstöðumaður stöðdeildar, [hera.o.einarsdottir@reykjanesbaer.is](mailto:hera.o.einarsdottir@reykjanesbaer.is) í síma 421-6700,

Fjölskyldu- og félagssvið



## SÉRFRÆÐINGUR Í TÖLVUDEILD

Norvik hf. óskar eftir að ráða starfsmann í tölvudeild.

### Starfssvið:

Umsjón og rekstur netkerfis, netþjóna, póstkærfis, afritatöku. Uppsetning nýrra notenda og þjónusta við starfsmenn Norvikur og dótturfyrirtækja.

### Hæfniskröfur:

Við leitum að einstaklingi með menntun í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegu. Önnur menntun ásamt reynslu af kerfisstjórnun kemur einnig til greina. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á Microsoft Windows stýrikerfi, netkerfum, Exchange server, TSM afritatökakerfi, VMWare, SQL gagnagrunnum, Linux, Dynamics Ax.

Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og hafa ríka þjónustulund.

Umsóknarfrestur til og með 11. mars 2013

Nánari upplýsingar veitir Linda Kristmannsdóttir í tölvupósti [linda@norvik.is](mailto:linda@norvik.is)

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Norvikur, [www.norvik.is](http://www.norvik.is)



Starfsemi Norvikur hf. hófst árið 1962 með stofnun BYKO hf. Nú starfrækir


Norvik byggingavöruverlanir, timbursölur, leigumarkaði og lagnadeildir BYKO ásamt verslunum ELKO, Intersport, Nóatúns, Krónunnar og Kjarvals.

Starfsmenn Norvikur samsteyppunnar eru nú um 3.000 og eru höfuðstöðvar hennar að Bildshöfða 20, Reykjavík

Dótturfyrirtæki Norvikur hf. í Lettlandi eru BYKO-LAT og Vika wood, í Bretlandi eru Wayland Timber og Continental Wood Products. Einnig er dótturfélag Norvikur, Norwood, með starfsemi í Rússlandi.



Vissir þú að...  
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.





## SVÆÐALANDVÖRÐUR Á SUÐURLANDI

Helstu verkefni sérfræðingsins eru dagleg umsjón með friðlandi að Fjallabaki, umsjón með öðrum náttúruverndarsvæðum á Suðurlandi ásamt stjórnarsýslu almennaréttar og útivistar.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, hæfniskröfur og umsóknarfrest er að finna á [starfatorg.is](http://starfatorg.is) og [umbverfisstofnun.is/storf\\_i\\_bodi](http://umbverfisstofnun.is/storf_i_bodi)

*Hjá Umbverfisstofnun er laust til umsóknar starfsvæðalandvarðar á Suðurlandi sem hefur umsjón með friðlýstum svæðum á vegum Umbverfisstofnunar á Suðurlandi með áherslu á umsjón friðlandsins að Fjallabaki.*



UMHVERFISSTOFNUN  
Akureyri - Egilsstaðir - Ísafjörður - Myvatn - Patreksfjörður  
Reykjavík - Suðurland - Vestmannaeyjar

## Bakari og tertugerðarmaður



Við hjá Bakameistarnum Suðurveri leitum að jákvæðum og metnaðarfullum bakara og tertugerðarmanni með mikinn áhuga, ríka þjónustulund, stundvísi, og snyrtimennsku til að ganga til liðs við okkur. Við leitum að bakara og tertugerðarmanni í fullt starf. Hjá Bakameistararnum starfa nú um 140 samheltnir starfsmenn við framleiðslu og þjónustu í þeim sex verslunum sem fyrirtækið rekur. Bakameistarinn ehf. er staðsettur í Suðurveri, Mjóddinni, Glæsibæ, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi og Austurveri.

Sért þú þeim kostum gæddur er við leitum að, hvetjum við þig til að leggja inn umsókn. Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Bakameistarans [www.bakameistarinn.is](http://www.bakameistarinn.is) og nánari upplýsingar um starfið fást hjá framleiðslustjóra Bakameistarans [ottar@bakameistarinn.is](mailto:ottar@bakameistarinn.is)

Bakameistarinn opnaði sína fyrstu verslun árið 1977 í Suðurveri. Stefna Bakameistarnans hefur verið allt frá stofnun sú að vera leiðandi bakari sem býður framúrskarandi úrval af brauðum, tertum og bakkelsi, jafnframt því að vera í fararbroddi með nýjungar og öflugt vörubrúunarstarf. Bakameistarinn ehf. vill veita viðskiptavinum sínum hraða og góða þjónustu með jákvæðum og metnaðarfullum starfsmönnum.



## SÉÐ OG HEYRT ÓSKAR EFTIR RITSTJÓRA

Réttri manneskju er lofað lifandi og skemmtilegu starfi sem gerir lífið skemmtilegra!

Birtingur ehf óskar eftir ritstjóra á tímaritið Séð og heyrð.

Umsækjendur verða að geta gert lífið skemmtilegra og geta tekið þátt í þróun tímaritsins í samstarfi við framkvæmdastjóra.

Umsóknir óskast sendar á [karl@birtingur.is](mailto:karl@birtingur.is)  
Fullum trúnaði heitið.

**Umsóknarfrestur er til 11.mars næstkomandi**

SÉÐ OG HEYRT VÍKAN NÝTT LÍF HÚS Gestgjafinn JÚLÍAN SVAGAN OIL MANNLÍF  
BIRTINGUR ÚTGÁFUFLAG | LYNGÁSI 17 | 210 GARDABÆ | S: 515-5500 | WWW.BIRTINGUR.IS

BIRTINGUR  
ÚTGÁFUFLAG

## Rennismiðir óskast til starfa

Vegna aukinna verkefna óskar Héðinn hf. eftir að ráða rennismiði.

Við leitum að öflugum mönnum, áreiðanlegum og með reynslu í faginu. Um er að ræða krefjandi og áhugaverð verkefni við viðhald og nýsmiði. Við erum að leita að mönnum sem eru sjálfstæðir, hafa öguð vinnubrögð, eru duglegir, eiga gott með samskipti og eru stundvísir.

**Umsækjendur verða að geta hafð störf sem allra fyrst.**

Vinsamlega sendið umsóknir til Héðins á netfangið [atvinna@hedinn.is](mailto:atvinna@hedinn.is) eða fyllið út umsókn á vefsíðu fyrirtækisins [www.hedinn.is](http://www.hedinn.is). Nánari upplýsingar hjá verkstjóra renniverkstæðis í síma **569 2131**.


Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Héðinn hf. er þekkingarfyrirtæki á sviði véltækni og málmíðnaðar. Héðinn veitir sérhæfða þjónustu í málmíðnaði og annast viðgerðir á vélbúnaði fiskiskipa. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 100 manns.



**HÉÐINN**

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • [hedinn.is](http://hedinn.is)



## Við viljum ráða vandvirkustu þernur landsins

Icelandair hótel Reykjavík Marina er óhefðbundið nýtt hótel á fjórum hæðum og hýsir 108 glæsileg hótélherbergi, fundaraðstöðu, kokteilbar, veitingasölu og kaffihús á Slippbarnum, líkamsræktaraðstöðu og bíosal. Á hótelinu ríkir fjörugt en notalegt andrúmsloft með alþjóðlegu ívafi.

Okkur vantar þernur í þrif á herbergjum og alrými. Starfið er unnið í vaktavinnu.

**Snorri Thors**, hótélstjóri Reykjavík Marina, tekur á móti umsóknum og veitir nánari upplýsingar á netfanginu [snorrit@icehotels.is](mailto:snorrit@icehotels.is)

Icelandair hótel Reykjavík Marina er nýjasta Icelandair hótelið. Það er staðsett við gömlu höfnina, á einum besta útsýnisstað borgarinnar og steinsnar frá hjarta miðborgarinnar. Reykjavík Marina leggur áherslu á lifandi, skemmtilegt og skapandi umhverfi.

**Icelandair Hotels**

[www.icelandairhotels.com](http://www.icelandairhotels.com)



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

## Verkefnastjóri óskast á skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Óskað er eftir verkefnastjóra á „byggingadeild“ hjá skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds sér um áætlunargerð, hönnun, útbod, framkvæmd og eftirlit með framkvæmdum fasteigna, samgöngumannvirkja og opinna svæða Reykjavíkurborgar. Byggingadeild ber m.a. ábyrgð á byggingu, rekstri og viðhaldi mannvirkja í eigu borgarinnar. Skrifstofan er til húsa í Borgartúni 12-14 og næsti yfirmaður er deildarstjóri byggingadeildar.

### Starfssvið

- Verkefnastjórn við nýframkvæmdir og viðhald fasteigna.
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana.
- Eftirfylgni vinnuáætlunar viðhalds og nýframkvæmda varðandi verklegar framkvæmdir.
- Taka þátt í stjórnun verkefna og eftirfylgni þeirra.
- Eftirlit útbodsverka.
- Verkbókhald, yfirferð og samþykkt reikninga.
- Vinna við fasteignavef.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði eða sambærilegum tæknigreinum á háskólastigi.
- Framhaldsmenntun er æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun á sambærilegu starfssviði.
- Reynsla af starfs- og fjárhagsáætlanagerð.
- Færni í mannlegum samskiptum og hópstarfi.
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi.
- Tölvufærni í Word og Excel og kunnátta til að nýta upplýsingakerfi sem stjórnækki.
- Kostur að hafa þekkingu á starfsemi Reykjavíkurborgar og stofnana hennar.

Um er að ræða 100% starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agnar Guðlaugsson deildarstjóri byggingadeildar í síma 411-1111. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) undir „Laus störf“ og „Verkefnastjóri á byggingadeild“.

Umsóknarfrestur er til 18.mars 2013.

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

## Við erum að leita að sérfræðingi til starfa í netkerfum, aðgangsstýringum og eftirliti í tölvukerfum.

Við leitum að sérfræðingi til starfa við öryggislausnir í netkerfum og stjórnun á spjaldtölvum og snjallsímum á þráðlausum netum og yfir 3/4g dreifikerfi. Vinnan innifelur m.a. uppsetningu á eftirlitshugbúnaði og þarfagreiningu á öryggisþörfum fyrirtækja ásamt samlögun og samþættingu annarra kerfa og aðgangsstýringu notenda og kerfa að netþjónustum.

Yfirburðar tölvukunnátta ásamt djúpri þekkingu á IP netkerfum er krafa. Formleg menntun í netkerfum, kerfisfræði eða tölvunarfræði er kostur.

Persónulegir kostir eru sjálfstæð vinnubrögð, góðir samskipta- og skipulagshæfileikar ásamt góðum vinnu anda.

Allar fyrirspurnir og ferilskrá sendist á [work@npi.is](mailto:work@npi.is).



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Innanríkisráðuneytið auglýsir lausa til umsóknar stöðu lögfræðings á skrifstofu innviða.

Gildi ráðuneytisins eru framsýni, mannúð og fagmennska og er lögð áhersla á þau í öllum störfum ráðuneytisins. Skrifstofa innviða fer m.a. með stefnumótun í fjarskiptamálum, neytendamálum, póstmálum, samgöngumálum, umferðaröryggismálum, flugöryggismálum, öryggismálum sjófarenda, farmflutninga, fólksflutninga og gerð loftferðasamninga. Nánari upplýsingar um starfsemi skrifstofunnar og ráðuneytisins má finna á heimasíðunni [www.innanrikisraduneyti.is](http://www.innanrikisraduneyti.is)

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Kunnátta í einu norðurlandtungumáli kostur
- Þekking á sviði EES-réttar æskileg
- Þekking á verkefnasviði skrifstofunnar æskileg einkum á flugsamgöngum.
- Þekking á áætlunargerð æskileg
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp
- Þjónustulund, jákvæðni og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar

### Helstu verkefni:

- Vinna við gerð lagafrumvarpa
- Afgreiðsla stjórnisýsluverkefna
- Ábyrgð og umsjón Evrópugerða á verkefnasviðinu
- Umsjón með samningu reglugerða
- Þátttaka í starfshópum á verkefnasviði skrifstofunnar
- Samskipti við stofnanir, Alþingi og almenning

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbergur Björnsson skrifstofustjóri í síma 545 9000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 17. mars nk. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/>. Ef ekki eru tók á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

# HLUTASTARF Í KAFFIHORNI BYKO BREIDD



## VIÐ LEITUM EFTIR DUGMIKLUM OG JÁKVÆÐUM EINSTAKLINGI

Kaffihornið hefur verið starfrækt frá 2002 og býður upp á almennan heimilismat á góðu verði fyrir viðskiptavini og starfsmenn.

### STARFSLÝSING:

Viðkomandi þarf að geta eldað, aðstoðað í eldhúsi, afgreiðslu, frágangi og öðrum þeim verkum sem til falla í Kaffihorninu.

### VINNUTÍMI:

Vinnutími er frá kl. 9-15, alla virka daga, jafnframt því sem viðkomandi þarf að geta leyst af í sumarfríum, verið sveigjanlegur og unnið fullt starf þegar þess er óskað.

Frekari upplýsingar veitir:

Sigurgeir M. Sigurðsson í síma 515-4000 eða [sms@byko.is](mailto:sms@byko.is)

Umsóknarfrestur er til 10. mars nk.

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



# Akraneskaupstaður

## auglýsir eftir öflugum leiðtogum

### Framkvæmdastjóri stjórn-sýslu- og fjármálasviðs

Í stöðu framkvæmdastjóra stjórn-sýslu og fjármálasviðs er leitað að metnaðarfullum stjórnanda sem hefur hæfni til að byggja upp vandaða stjórn-sýslu þar sem lögd er áhersla á góða stjórnarhætti og fagleg vinnubrögð. Framkvæmdastjóri er staðgengill bæjarstjóra og hefur yfirumsjón með þjónustu bæjarskrifstofu til bæjarstjóra, bæjarfulltrúa, ráða og nefnda auk stoðþjónustu til stofnana sveitarfélagsins.

#### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Undirbúningur mála og eftirlit með að ákvörðunum bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra sé framfylgt
- Yfirumsjón með fjármálum, bókhaldi og launamálum
- Yfirumsjón með upplýsingatækni og þjónustu- og upplýsingamálum
- Ábyrgð á gerð starfs- og fjárhagsáætlana
- Upplýsingaöflun og greining á helstu rekstrarþáttum
- Yfirumsjón með reglubundnu gæða- og árangursmati
- Umsjón með samningsgerð, innkaupum og útboðum
- Mótun stefnu um upplýsingatækni

#### Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Þekking og reynsla af fjármálastjórn og rekstri
- Þekking á opinberri stjórn-sýslu
- Hæfni í Excel og myndrænni framsetningu tölfraðilegra gagna
- Afar góð greiningarhæfni

### Framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs sem er vanur framkvæmdum og hefur þekkingu og áhuga á umhverfis- og skipulagsmálum. Um er að ræða nýtt stjórnunarstarf í kjölfar sameiningar Framkvæmdastofu og Skipulags- og umhverfisstofu.

#### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Undirbúningur og framlögn erinda til bæjarráðs og fagráða ásamt eftirfylgd mála
- Gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sviðsins
- Yfirumsjón með byggingarmálum, umhverfismálum, brunamálum og almannavörnum
- Yfirumsjón með framkvæmdum, rekstri mannvirkja, verklegum útboðum og gerð samninga
- Yfirumsjón með og ábyrgð á gerð aðal- og deiliskipulags skv. samþykktum bæjarstjórnar

#### Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun og framkvæmdum
- Góð þekking á skipulags- og byggingarmálum
- Reynsla af verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlunum
- Þekking og áhugi á umhverfismálum æskilegur

### Atvinnu- og ferðamálafulltrúi

Leitað er að leiðtoga á sviði atvinnu- og ferðamála til að starfa við ört vaxandi verkefni á þessu sviði. Meðal helstu verkefna er að leita nýrra tækifæra til atvinnuuppbyggingar á Akranesi og efla ímynd Akraness sem vinsæls áfangastaðar fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

#### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Undirbúningur mála fyrir fagrád og eftirfylgni með framkvæmd
- Undirbúningur að stefnumótun á sviði atvinnamála í samstarfi við helstu hagsmunaaðila
- Aðstoð við fyrirtæki við markaðssetningu og þróun vöru og þjónustu
- Ímyndar- og kynningarmál
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi á sviði atvinnu- og ferðamála, m.a. með öflun verkefna og styrkja
- Gerð starfs- og fjárhagsáætlana

#### Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðsmálum
- Þekking og reynsla á sviði atvinnu og/eða ferðamála
- Þekking og reynsla af fjármála- og verkefnastjórnun
- Reynsla og færni í gerð styrkumsókna til innlendra og erlendra sjóða
- Afar góð hæfni í textagerð á íslensku og ensku

#### Gerð er krafa um eftirfarandi persónulega hæfni fyrir allar stöðurnar:

- Mikil samskipta og samstarfshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður til að ná árangri í starfi

Ráðið er í stöður framkvæmdastjóra sviða til fimm ára í senn. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um störf.

Nánari upplýsingar veita Reginna Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri og Ragnheiður Þórðardóttir, þjónustu- og upplýsingastjóri í síma 433 1000.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Akraneskaupstaðar. [www.akranes.is](http://www.akranes.is)

Umsóknum um störfina þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er t.o.m. 24. mars næstkomandi

Akranes er stærsta bæjarfélagið á Vesturlandi en þar búa rúmlega 6600 manns. Hröð íbúafjölgun hefur verið á Akranesi síðasta áratuginn en það tekur aðeins um 40 mínútur að keyra frá Reykjavík upp á Akranes ef farið er um Hvalfjarðargöng. Reglubundnar strætisvagnaferðir eru á milli Akraness og Reykjavíkur. Á síðasta ári störfuðu um 720 manns hjá Akraneskaupstað og voru ársverkin um 470. Yfirbragð bæjarins er friðsælt og barnvænt. Stofnanir bæjarins eru rómaðar fyrir gott faglegt starf og íþrótt- og menningarlíf er í miklum blóma. Frábær aðstaða er til útivistar, meðal annars með 18 holu golfvelli.



Akraneskaupstaður





## Er um við að leita að þér? Olíubílstjórar í sumarstörf

Skeljungur óskar eftir að ráða olíubílstjóra til starfa á rekstarsvið í Örfirisey. Við leitum að dugmiklum einstaklingum til sumarstarfa til að sinna afgreiðslu, dælingu og dreifingu á eldsneyti til viðskiptamanna og starfstöðva Skeljungs sem eru Orkan og Shell. Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf við dreifingu.

### Hæfniskröfur:

- Meirapróf, full réttindi
- ADR próf kostur en ekki nauðsyn
- Frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð

### Starfssvið:

- Dreifing á eldsneyti og smurólíu
- Móttaka pantana
- Eftirlit með birgðageymum

Nánari upplýsingar veitir Kristinn Kristinsson í síma 840 3050 og umsóknum skal skilað fyrir 10. mars 2013 inn á heimasíðu Skeljungs undir störf í boði á þessari slóð hér að neðan: <http://www.skeljungur.is/Um-Skeljung/Starfsumsoknir>



## Matarást – tækifæri!

### Bistro-grænmeti-hamborgarar-brunch-Diner

Við rekum rúmgóðan veitingastað og viljum stækka matseðilinn með nýjum starfsmanni eða meðeiganda með ferskar hugmyndir sem myndi hafa kauprétt að staðnum ef vel tekst til. Til greina kemur að leigja hluta staðarins undir sér-stað. Upplýsingar sendist Fréttablaðinu á tölvupóst box [frett.is](mailto:frett.is) merkt „Matarást-0203“

## ÚTBOÐ



### Ný útboð í auglýsingu

### Reykjanesbraut Stofnstígur. Suður Mjódd – Lindir.

Útboð nr. 12980.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



### Reykjavíkurborg Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Lögfræðingur	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201303/020
Aðstoðarmaður seðlabankastjóra	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201303/019
Starfsmaður í bókhald	Háskólinn á Hólum	Hólar	201303/018
Yfirsálfræðingur	Landspítali, sálfræðipjónusta H	Reykjavík	201303/017
Sérfr. í uppl. líkönnum mannvirkja	Framkvæmdasýsla ríkisins	Reykjavík	201303/016
Tæknimenn, verkefnastjórar	Framkvæmdasýsla ríkisins	Reykjavík	201303/015
Nýdoktor	HÍ, Lífvísindasetur	Reykjavík	201303/014
Sérfræðingur í stærðfræði	HÍ, Raunvísindastofnun	Reykjavík	201303/013
Sérfræðingur í tölfraði	HÍ, Raunvísindastofnun	Reykjavík	201303/012
Byggingarverkfræðingur	Siglingastofnun Íslands	Kópavogur	201303/011
Lögfræðingur	Héraðsdómur Reykjaness	Hafnarfjörður	201303/010
Svæðalandvörður	Umhverfisstofnun	Hella	201303/009
Sérfr. við myndgreiningalækningar	Skjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201303/008
Sálfræðingur	Skjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201303/007
Iðjupjálfi, sjúkrapjálfi	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201303/006
Sérfræðingur	Hafrannsóknastofnunin	Skagaströnd	201303/005
Sumarflæysingar við heimahjúkrun	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201303/004
Mannauðsráðgjafi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201303/003
Sérfræðingur	Þjóðskrá Íslands	Rvk, Akureyri	201303/002
Sviðsstjóri	Einkaleyfastofan	Reykjavík	201303/001
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201302/100
Læknar í starfsnámi við augnlækn.	Landspítali, skurðlækningasvið	Reykjavík	201302/099
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, krabbam.lækn.deild	Reykjavík	201302/098
Hjúkrunardeildarstjóri	Landspítali, geðsvið	Reykjavík	201302/097
Sumarstörf læknanema	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201302/096
Deildarstjóri verkefnastofu	Landspítali, skrifstofa forstjóra	Reykjavík	201302/095
Móttökufulltrúi	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201302/094
Bifvélavirki, vélvirki	Vegagerðin	Reyðarfjörður	201302/093
Veiðieftirlitsmenn	Fiskistofa	Ak., Hö., Stykk.	201302/092
Sérfræðingur	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201302/091



SELTJARNARNESBÆR

## Seltjarnarnes – Deiliskipulagsgerð

### Forval deiliskipulagsráðgjafa

Seltjarnarnesbær auglýsir hér með eftir deiliskipulagsráðgjöfum til þess að taka að sér deiliskipulagsgerð núverandi íbúðabyggingar sem enn á eftir að deiliskipuleggja. Bænum verður skipt upp í a.m.k. 4 deiliskipulagssvæði og skipulag unnið fyrir hvert um sig.

Verkefnið skal vinna á næstu mánuðum á vegum skipulags- og mannvirkjanefndar Seltjarnarnesbæjar og stefnt er að því að deiliskipulag svæðanna verði staðfest á fyrri hluta ársins 2014. Lögð verður áhersla á vönduð vinnubrögð og gott samráð við hagsmunaaðila.

Gerð er krafa um að deiliskipulagsráðgjafi hafi víðtæka reynslu af deiliskipulagsgerð. Reynsla af deiliskipulagsgerð í eldri byggð og úrvinnslu mála í kynningarferli er æskileg. Lögð verður áhersla á góða framsetningu og kynning á tillögum á búafundum.

Óskað er eftir upplýsingum um starfsemi þeirra ráðgjafa sem sýna áhuga á verkinu, fyrri verkefni og starfslið.

